



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2012

Umsögn Matfugls ehf um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum, 508. mál.

Almennt um frumvarpið

Í frumvarpinu er annars vegar tekið á því hvernig reikna skuli toll á þeim innflutningi landbúnaðarvara sem Ísland hefur skuldbundið sig í samningum við WTO (áður GATT) að hleypa inn í landið (samkvæmt viðaukum III við tollalög) á lægri tollum en almennir tollar í tollskrá nema. Hins vegar fjallar frumvarpið um hvernig skuli ákveða hvort og þá á hvaða tollum skuli heimila innflutning á landbúnaðarvörum samkvæmt viðaukum IV við tollalög sem tiltaka tollkvóta sem Íslandi er heimilt að leyfa innflutning á.

Matfugl ehf sem er umfangsmikið fyrirtæki í eldi á alifuglum, slátrun þeirra og vinnslu hefur alvarlegar athugasemdir við frumvarp þetta. Stjórnendur Matfugls ehf telja að ef frumvarpið verði samþykkt óbreytt muni það draga verulega úr þeirri vernd sem íslenskum landbúnaði er nauðsynleg til að halda áfram að framleiða gæðavörur fyrir íslenska neytendur í mörgum greinum landbúnaðarins.

Matfugl ehf hefur starfsemi víða um land og notar rúmlega 26.000 m² af húsnæði undir starfsemi. Hjá félaginu starfa tæplega 140 starfsmenn og félagið velti 2,4 milljörðum króna á síðasta ári.

Af hverju á að vernda landbúnað

Í flestum stærstu og ríkustu hagkerfum heimsins, s.s. í Bandaríkjunum og í Evrópusambandinu, er mikill stuðningur við landbúnað. Á Íslandi hefur innlendir landbúnaður einnig notið stuðnings ríkisvaldsins um langa tíð. Ýmis rök hafa verið notuð til að réttlæta þennan stuðning í gegnum tíðina en kjarni málsins er sá að þessi stuðningur er söguleg staðreynd og bændur og aðrir þeir sem reka fyrirtæki í frumframleiðslu landbúnaðarafurða eða vinnslu þeirra hafa grundvallað langtíma fjárfestingarákvarðanir sínar á núgildandi kerfi. Ekki er eðlilegt að slíku stuðningskerfi sé umbylt á einni nóttu án þess að rekstraraðilum í greininni sé gefinn hæfilegur aðlögunartími að breyttu rekstrarumhverfi eða þeim sé bættur skaðinn.



Í núverandi efnahagsástandi er enn frekar ástæða til að hlúa að þeim atvinnurekstri, fjárfestingum og störfum sem til eru í landinu því ekki er sjálfsgefið að þeir sem nú hafa atvinnu af landbúnaði og úrvinnslu landbúnaðarafurða finni sjálfkrafa ný störf ef núverandi starfsemi dregst saman eða leggst af. Það er ekki rétt í þeirri stöðu sem íslenskt þjóðfélag er í nú að stjórnvöld stuðli að útflutningi á störfum og virðisauka með því að liðka fyrir auknum innflutningi á landbúnaðarvörum. Atvinnutækifæri eru að verða takmarkandi þáttur í flestum vestrænum þjóðfélögum og viðvarandi atvinnuleysi stórra hópa er raunveruleg áhætta ef ekki er rétt á spilunum haldið. Kostnað af slíku þjóðarböli ber að taka inn í mat á stuðningi við landbúnað.

Eini stuðningurinn sem alifuglaræktin fær frá íslenskum stjórnvöldum er í formi tollverndar. Ekki er um neina styrki eða beingreiðslur til greinarinnar. Verulega var dregið úr stuðningi við greinina með fyrirvaralausum samningum við Evrópusambandið um tollfríðindi á landbúnaðarvörum framleiddum í Evrópu sem tóku gildi árið 2007. Í þeim samningi er kveðið á um tollfrjálsan innflutning á 650 tonnum af kjöti og 100 tonnum af osti frá Evrópusambandinu á hverju ári auk þess sem almennir tollar af landbúnaðarvörum frá Evrópusambandinu voru lækkaðir um 40%. Af þessum 650 tonnum tollfrjálsa innflutningi á kjöti eru 200 tonn af alifuglakjöti.

Tölur um innflutning á alifuglakjöti árið 2011 benda til þess að stjórnvöld hafi gengið of langt í því að draga úr stuðningi við alifuglaræktina í samningunum við Evrópusambandið frá 2007. Rúmlega 550 tonn voru flutt inn af óunnu alifuglakjöti frá Evrópusambandinu árið 2011 auk tæplega 100 tona af unnu alifuglakjöti. Þetta þýðir að auk 200 tona tollfrjáls tollkvóta þá voru flutt inn 350 tonn af alifuglakjöti frá Evrópusambandinu á 40% afslætti af fullum tollum og það á sama tíma og birgðaaukning var hjá innlendum framleiðendum.

Það sem verður einnig að hafa í huga er að innflytjendur beina innflutningnum aðallega að dýrari hlutum alifuglanna. Þannig er bróðurpartur innflutnings kjúklinga í formi úrbeinaðra bringna en ekki heils fugls. Erlendar kjúklingabringur náðu þannig verulegum hluta markaðarins árið 2011 eða um 20% markaðshlutdeild.

Athugasemdir við frumvarpið

Það eru aðallega tvö atriði í frumvarpinu sem Matfugl ehf gerir athugasemdir við. Annars vegar er það ákvæði í 1. gr. frumvarpsins sem skilgreina hvenær skortur er á innlendum landbúnaðarvörum og skylda stjórnvöld að opna fyrir innflutning samkvæmt tollkvótum í viðauka IV við tollalög. Hins vegar eru það ákvæði í 4. gr. frumvarpsins sem skilgreina upphæð tolla á innflutningi samkvæmt tollkvótum í viðauka IV við tollalög.

Í 1. gr. frumvarpsins er reynt að skilgreina hvenær framboð vöru sé ekki nægjanlegt þannig að ráðherra skuli úthluta tollkvótum samkvæmt viðaukum IV við tollalögin. Að mati Matfugls ehf er þessi tilraun til að skilgreina skort ómarkviss.

Í fyrsta lagi er tilvísun til eftirspurnar dreifingaraðila ekki í samræmi við viðskiptavenjur á markaði. Matfugl ehf fær í fæstum tilfellum pantanir frá helstu verslunardeðjum landsins. Að kröfu verslunardeðjanna er verklagið þannig að starfsmönnum Matfugls ehf ber sjálfum að



ákveða það magn kjúklings sem sett er inn í helstu smásöluverslanirnar á hverjum tíma. Ef að starfsmenn Matfugls ehf setja inn í verslanirnar meira magn kjúklings en sem nemur síðan raunverulegri sölu ber fyrirtækið skaðan af því í formi vöruskila frá versluninni. Það er því ekki svo að forsvarsmenn verslana geri áætlanir um eftirspurn, hvorki mánuði, vikur né daga fram í tímann. Á sama tíma þurfa framleiðendur að skipuleggja sína framleiðslu 12-15 mánuði fram í tímann. Verslunarstjórar hafa fram að þessu almennt ekki skilgreint eftirspurn sína eftir kjúklingum nema í mesta lagi eftirá. Það er því útilokað að miða ákvörðun um skort á kjúklingum við 90% af óskilgreindri eftirspurn.

Í öðru lagi er tilvísun til þess að vara skuli vera fánleg frá a.m.k. tveimur framleiðendum til að ekki sé skilgreindur skortur á tiltekinni vöru á markaði. Þetta skilyrði er heldur ekki í samræmi við raunveruleikann því að í mörgum tilfellum er aðeins einn söluaðili af einstökum landbúnaðarafurðum án þess að skortur sé á þeim. Þetta á m.a. við um sveppi, margt útiræktað grænmeti þegar líða tekur á veturinn og í tilfelli alifuglaeldisins má benda á að einungis einn aðili elur kalkúna á Íslandi. Ef lagafrumvarpið verður samþykkt óbreytt hefur það í för með sér að úthluta skuli tollkvóta í kalkún allan ársins hring alveg óháð birgðastöðu á innlendum kalkúni.

Matfugl ehf leggur til að 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins hljóði svo: „Framboð telst ekki nægjanlegt, sbr. 1. mgr., ef framboð viðkomandi vöru nær ekki að uppfylla eftirspurn leiðandi kaupanda sem nemi 90% af kaupum þess aðila á sama tíma á undangengnu ári og að tollkvótar viðkomandi vöru sem úthlutað hefur verið samkvæmt milliríkjasamningum fyrir tímabilið séu fullnýttir.“

Í 4. gr. frumvarpsins eru ákvæði um hvernig ákvæða skuli toll á þeim vörum sem fluttar verða inn samkvæmt viðaukum IV við tollalög. Þar er lagt upp með að tollurinn verði mismunur á innflutningsverði og innlendu heildsöluverði. Matfugl ehf telur rök leiða til þess að tollurinn skuli vera hærri en sem nemur þessum mismun þannig að innflutta varan verði a.m.k. 20% dýrari en hin innlenda. Rökin fyrir þessu sjónarmiði eru þau að almennt séð er mikil ósamhverfa í vöruflæði á landbúnaðarvörum inn og út úr landinu. Það er mun auðveldara að flytja landbúnaðarvörur inn í landið heldur en út úr því. Ef tollur á innflutningi er ákveðinn þannig að verslunarkeðjunum er jafn dýrt að flytja inn landbúnaðarvörur og að kaupa þær af innlendum framleiðendum er það freisting fyrir verslunarkeðjurnar að skapa offramboð á markaði með því að flytja inn meira af erlendum landbúnaðarvörum heldur en efni standa annars til. Með því að mynda offramboð á markaði geta verslunarkeðjurnar skapað óeðlilegan þrýsting á innlenda framleiðendur til að lækka verð því eðli landbúnaðar er slíkur að það er erfitt að breyta framboðnu magni með skömmum fyrirvara og miklar útflutningshindranir eru á flestum landbúnaðarafurðum. Framleiðendur hafa í þessari stöðu einungis kost á því að láta undan kröfum verslunarkeðjanna eða að safna óeðlilegum birgðum. Til að draga úr hættu á slíkri misbeitingu kaupendavalds verslunarkeðjanna er rétt að tollar geri innflutta vöru 20% dýrari en innlenda

Matfugl ehf gerir þá tillögu að texti úr 4. gr. frumvarpsins hljóði þá þannig: „Tollur á þær vörur sem eru fluttar inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skal lagður á sem magntollur og vera mismunur ríkjandi heildsöluverðs samkvæmt upplýsingum fengnum frá a.m.k. tveimur leiðandi ótengdum dreifingaraðilum **að viðbættu 20% álagi** og innflutningsverðs...”



Önnur atriði er varðar framkvæmd úthlutunar tollkvóta og ákvörðun tolla

Matfugl ehf vill benda á að tollbindingar í tollskrá samkvæmt viðauka IIA hafa ekki tekið mið af breytingum á gengi SDR frá því í ársbyrjun 2000. Það virðist órökrétt að tollbinding skuli ekki fylgja breytingum á SDR því að ef tollbindingin fylgir ekki verðlagi hætta tollarnir á endanum að veita nokkra vernd.

Einnig er vert að huga að því hvort ekki sé rétt að veita innlendum framleiðendum forgang að tollkvótum þar sem oft getur myndast misvægi milli framleiðslu og sölu einstakra skrokkhluta sem innflutningur gæti ráðið bót á. Framleiðendur hafa betri yfirsýn heldur en smásalar yfir það misvægi sem myndast milli einstakra skrokkhluta.

Málefni þetta snertir verulega hagsmuni Matfugls ehf. Félagið er ekki aðili að Félagi kjúklingabænda né neinum atvinnurekendasamtökum. Fulltrúar félagsins fara fram á að fá að koma á fund Atvinnuveganefndar til að skýra sjónarmið sín frekar og að fá að taka þátt í frekara samráði við hagsmunaðila um þetta mál.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Sveinn Jónsson".

Sveinn Vilberg Jónsson,
framkvæmdastjóri.